

Fréttabréf AFLs

5. tbl. 2018

Dreift um allt Austurland

Ábyrgðarmaður: Sverrir Albertsson



Kjarasamningar

Meirihluti félagsmanna er klár í verkföll

62% félagsmanna AFLs telja öruggt, mjög líklegt eða líklegt að þurfa að vera tilbúin í verkfallsátök til að knýja á um bætt kjör. Eins og með aðrar niðurstöður viðhorfskönnunar AFLs, Einingar og Gallup, er frekari úrvinnsla svara ekki komin í hús þannig að nokkuð vantar upp á að geta túlkað niðurstöðurnar.

Ef borið er saman við síðasta ár er ljóst að stuðningur við aðgerðir er um 10 prósentustigum meiri nú en þá en niðurstöður eru álíka og 2014 í aðdraganda samninga þá. Vorið 2015 háðu síðan landsbyggðafélag Starfsgreinasambandsins nokkurra daga verkföll til að knýja á um samninga.

Ef horft er til greininga í þeim könnunum þar sem þessi spurning hefur verið, árin 2017 og 2014, er greinilegt að verkfallsviljinn er mestur í lægri tekjuflokkum, undir 349.000 í heildartekjum á mánuð. Þá er mestur baráttuhugur í starfsfólki við umönnun og í ræstingum og meðal skólaliða og almenns verkafólks – sem hins vegar var ekki sérlega baráttuglatt í fyrra. (ath. flokkun í starfaflokka hefur breyst milli ára þannig að ræsting er nú flokkuð með almennu verkastarfi en var áður með skólaliðum).

Mestur vilji til verkfalla hefur verið meðal þeirra yngstu og síðan 55 ára og eldri, en minnst í aldursflokknum 25 – 34 ára. Konur eru baráttugladari en karlmenn.

Pungt hljóð í samningafólki

Þessi spurning verður sennilega mikilvæg innan skamms því þegar þetta er skrifað hefur þriðji fundur samninganefnda Starfsgreinasambandsins og Samtaka atvinnulífsins (SA) verið boðaður auk þess sem undirhópar um einstaka kafla kjarasamningsins hafa fundað, en frekar þungt er í samningafólki.

Sama gildir um viðræður verslunarmanna og SA, þar hafa þeir fundir verið haldnir en lítt miðað til samkomulags. Ljóst er að í röðum



Verkfallsverðir í eftirliti á Egilsstöðum í verkfalli Starfsgreinasambandsins vorið 2015.

forystumanna nokkurra félaga er mikill vilji til að fylgja kröfum eftir með aðgerðum á meðan niðurstöður könnunar meðal félagsmanna annarra félaga sýndu mun minni áhuga á hörðum aðgerðum.


Kjarasamningar á almennum vinnumarkaði eru lausir nú um áramót en samningar við ríki og sveitarfélög 31. mars 2019. Fjölmargir kjarasamningar annarra stéttarféлага verða lausir í vetur en búast má við að

flestir haldi að sér höndum á meðan Starfsgreinasambandsfélögin og Verslunarmenn semja og að línur kjaramála næstu ára verði lagðar í þeim samningum.

Sérsamningar AFLs

Samningur AFLs og Rafiðnaðarsambands Íslands við Alcoa Fjarðaál losnar í lok febrúar 2020 en launabreytingar á tímabilinu taka m.a. mið af hækkun launavísitölu. Samningar AFLs við fiskimjölsverksmiðjur gildir til 15. maí 2019 en starfsmenn munu fá launahækkun sem samið verður um í almennum kjarasamningum og frá þeim degi.

Laun starfsmanna undirverktaka á álverslóð fara að mestu eftir breytingum á launum í almennum kjarasamningum.



Hvenær lýkur vinnudeginum?

Þriðjungur félagsmanna AFLs tekur vinnuna með heim

Rösklega 30% félagsmanna AFLs Starfsgreinafélags segjast eiga erfitt með að hætta að hugsa um vinnuna eftir að heim kemur og að það hafi neikvæð áhrif á frítíma og einkalíf. Aðeins færri, eða um 20%, hafa áhyggjur af því að upp muni koma vandamál í vinnu sem viðkomandi geti ekki leyst.

Um 40% félagsmanna er svo þreytt í lok vinnudags að þau eiga erfitt með að gera „nokkurn skapaðan hlut“ í frítíma sínum. Um helmingur þeirra langar ekki til að mæta til vinnu daginn eftir.

Þetta er meðal niðurstaðna úr skoðanakönnun AFLs Starfsgreinafélags sem Gallup

framkvæmdi í haust fyrir AFL og Einingu Iðju. Úrtak úr félagaskrá AFLs var 1.500 félagsmenn. Þar af fundust 305 félagsmenn ekki og því varð endanlegt úrtak 1.195. 677 félagsmenn svöruðu könnuninni eða 56%.

Könnunin fór fram á íslensku, ensku og pólsku og fengu þeir sem lentu í úrtaki tölvupóst og símtal. Send var ítrekun tvisvar sinnum á þá sem ekki höfðu svarað. Þátttakendur gátu valið um hvort þeir svöruðu á netinu eða gegnum síma.

Verið er að ljúka úrvinnslu könnunarinnar en Gallup sendi okkur nokkur „bráðabirgðasvör“ til að birta í þessu fréttabréfi. Úrvinnslu

er þó ekki lokið varðandi þær spurningar sem við fengum þannig að ekki er unnt að brjóta niðurstöður niður eftir aldri eða kyni.


Síðustu mánuði hefur umræða um kulnun í starfi orðið áberandi og ljóst er af niðurstöðum okkar að marktækur hluti félagsmanna AFLs tekur áhyggjur af vinnunni

með sér heim og óttast að standa ekki undir kröfum á vinnustað. Þetta er áhyggjuefni.

Það er líka umhugsunarvert að álag í vinnu skuli spilla einkalífi fólks.

Frekari greining á niðurstöðunum verða birtar fljótlega.

Kemur það oft eða sjaldan fyrir eftir að vinnudegi lýkur að...



Sleppa lækniheimsókn af fjárhagsástæðum!

Heldur færri sleppa lækniheimsóknnum vegna bágrar fjárhagsstöðu nú en í fyrra eða 15,5% í stað 17,3% í fyrra. Svipuð þróun er varðandi lyfjakaup en í ár virðast 10,7% félagsmanna ekki hafa haft efni á að leysa út lyf sín en 11,8% í fyrra.

Er kemur að tannhirðu er aðra sögu að segja en 34% félagsmanna sleppa heimsókn til tannlæknis af fjárhagsástæðum en 31% í fyrra.


Greining svaranna liggur ekki fyrir og því ekki ljóst hvernig þetta dreifist á aldur og búsetu. Í fyrra voru þeir hópar sem helst slepptu því að leita lækni eða kaupa lyf,

yngstu félagsmennirnir og hópurinn 35 – 44 ára.

Egilsstaðir, Eskifjörður og Neskaupstaður voru einnig efstir á þessum óeftirsóknaverða lista og algengast var að starfsmenn í veitinga- og ferðamannaiðnaði og í sölu- og verslunarstörfum slepptu lækniheimsóknnum af fjárhagsástæðum.

Þessar tölur eru athyglisverðar í ljósi umræðu um velferðarkerfið. Nánar verður greint frá öllum niðurstöðum könnunarinnar á næstunni.

	Fjöldi	%	+/-
Já	106	15,5	2,7
Nei	580	84,5	2,7
Fjöldi svara	686	100,0	
Tóku afstöðu	686	92,5	
Tóku ekki afstöðu	56	7,5	
Fjöldi svarenda	742	100,0	



Sp. 34. Hefur þú einhverja tíma á síðustu 12 mánuðum frestað eða hætt við að fara til lækni af fjárhagsástæðum

Réttur til desemberuppbótar

Starfshópur	2018
Verslunar og skrifstofufólk	89.000 kr.
Verkamenn (þ.m.t. hótél og veitingast.)	89.000 kr.
Iðnaðarmenn	86.000 kr.
Sveitarfélög	113.000 kr.
Ríkið	89.000 kr.
Alcoa Fjarðarál	255.000 kr.
Starfsmenn á bændabýlum	89.000 kr.
Starfsmenn við línu og net	89.000 kr.

Almenni markaðurinn (verkaþólk, iðnaðarmenn og verslunarmenn)

45 vikur í fullu starfi (á almanaksárinu) gefa rétt til 100% desemberuppbótar, en greitt er hlutfallslega ef unnið er hluta úr ári eða hafi starfsmaður verið í hlutastarfi. Starfsmenn sem eru í starfi fyrstu vikuna í desember eiga rétt á hlutfallslegri uppbót svo og þeir sem starfað hafa samfelld í 12 vikur eða lengur á árinu.

Greiða skal desemberuppbót eigi síðar en 15. desember.

Þetta ákvæði gildir einnig fyrir starfsmenn sem starfa við beitingu og uppstokkun.

Starfsmenn hjá sveitarfélögum.

Starfsmaður í fullu starfi fær greidda fulla desemberuppbót þann 1. desember. Fullt starf í þessu tilfelli er 100% starf 1. janúar – 30 nóvember. Þeir starfsmenn sem verið hafa í hlutastarfi eða starfað hluta úr ári

fá greitt miðað við starfshlutfall og starfstíma þó þannig að þeir hafi starfað samfelld a.m.k. frá 1. september það ár. Jafnframt fá þeir greitt hlutfallslega sem hætt hafa stöfum á árinu eftir a.m.k. 6 mánaða samfelld starf.

Starfsmenn hjá Ríkinu

Starfsmaður sem eru við störf fyrstu viku nóvembermánaðar fær greidda desemberuppbót þann 1. desember. Greitt er hlutfallslega til starfsmanna sem verið hafa í hlutastarfi eða starfað hafa hluta úr ári. Jafnframt fá þeir greitt hlutfallslega sem hætt hafa stöfum á árinu eftir a.m.k. 3 mánaða (13 vikur) samfelld starf.

Alcoa Fjarðarál

45 vikur í fullu starfi (á almanaksárinu) gefa rétt til 100% desemberuppbótar, en greitt er hlutfallslega ef unnið er hluta úr ári eða hafi starfsmaður verið í

hlutastarfi. Starfsmenn sem eru í starfi síðustu viku í nóvember eða fyrstu viku í desember eiga rétt á hlutfallslegri uppbót svo og þeir sem starfað hafa samfelld í 12 vikur eða lengur á árinu. Greiða skal desemberuppbót með nóvemberlaunum.

Sjómenn

Ekki hefur verið samið um greiðslu desemberuppbótar fyrir sjómenn.

Starfsmenn á bændabýlum

Desemberuppbót er sú sama og á almenna markaðnum. Heimilt er þó að greiða desember- og orlofsuppbót jafnharðan óski starfsmaður eftir því, enda sé gengið frá því í ráðningarsamningi. Ofan á mánaðarlaun kemur þá hlutfall af desember- og orlofsuppbót miðað við fullt starf 173,33 klst. á mánuði. Á árinu 2017 kr. 76.11 á klukkustund.

Gerviverktaka og töpuð réttindi

Sjálfstæðir verktakar njóta ákveðinna hluta sem launafólk almennt hefur ekki. Sjálfstætt starfandi verktakar eru sínir eigin herrar og taka verkefni eða hafna að eigin geðþótta. Þá eru þeir sjálfir ábyrgir fyrir fjárhagsafkomu sinni og njóta hagnaðar þegar verk ganga vel en bera tap þegar illa gengur. Almennt launafólk hefur önnur hlunnindi – það nýtur uppsagnarfrests og veikindaréttar og hefur „afkomuþryggingu“ í takt við ráðningarsamning sinn og launakjör. Gerviverktakar hafa hvorki réttindi launafólksins né njóta stöðu verktakans.

Á borð AFLs kom í síðustu viku upp mál þar sem félagsmanni okkar sem starfað hefur sem „undirverktaki“ við tiltekið starf var sagt upp með engum fyrirvara og þar sem viðkomandi var ekki starfsmaður á hann ekki uppsagnarfrest.

Við skoðun á málinu kom í ljós að félagsmaður okkar var að öllu leyti starfsmaður fyrirtækisins nema að nafninu til. Viðkomandi var alfarið undir verkstjórn yfirmanns, lagði sér ekki til verkfæri né tæki og gat engin áhrif haft á hvort hann hefði hagnað eða ekki.

Því miður eru til mýmörg dæmi um það að starfsmenn eru „þvingaðir“ til að vera undirverktakar í stað þess að vera á launaskrá og í mörgum tilfellum er það samkvæmt álitum ríkisskattstjóra ólöglegt.

Dómafordæmi

Í dómaframkvæmd mála sem háð hafa verið síðustu ár vegna „undirverktakasambands“ hafa í raun báðir aðilar tapað. Í einu máli tapaði „undirverktaki“ launum að upphæð 1,2 milljónir við að „verkkaupinn“ varð gjaldþrota og launakrafa „undirverktakans“ var meðhöndluð sem almenn krafa en ekki forgangskrafa í þrotabúið.

Í öðru máli var verkkaupinum þ.e. launagreiðandanum, gert að sæta endurálagningu opinberra gjalda, þ.m.t. tryggingargjalds til hækkunar og varð að skila aftur innskatti af greiðslum til undirverktakans. Í dómsorði Hæstaréttar segir m.a.:

Þegar þetta er virt þykir samband stefnanda og xxxxxxxxxxxxxxx hafa öll einkenni vinnusamnings. Því ber að telja að xxxxx hafi verið launþegi stefnanda það tímabil sem hér um ræðir. Stefnanda bar því að meðhöndla greiðslur til hans sem launagreiðslur, sbr. 1. mgr. 1. t. l. A-liðar 7. gr. laga nr. 75/1981 um tekju- og eignarskatt, en ekki sem sjálfstæðar verktakagreiðslur í skilningi B- liðar sömu greinar. Stefnandi taldist launagreiðandi



Nokkuð er um gerviverktöku meðal vörubílstjóra. Mynd úr safni.

xxxxxxx í skilningi 1. t. l. mgr. 4. gr. laga 45/1987 um staðgreiðslu opinberra gjalda. Stefnanda bar því að halda eftir opinberum gjöldum hans á grundvelli 19. gr. laganna og hann bar ábyrgð á skilum þeirra, sbr. 22. gr. sömu laga. Því fóru skattfyrirvöld að lögum er þau endurákvörðuðu skattlagningu stefnda til samræmis við það að xxxxx teldist launþegi.

Hvernig má þekkja gerviverktöku?

Það er því full ástæða til að vara bæði launafólk og launagreiðendur við „undirverktakafyrirkomulagi“ nema það eigi sannarlega við. Það er hægt að styðjast við nokkrar reglur:

1. Notast er við stimpilklukku á verkstöð verkkaupa.
2. Unnið er með verkfæri verkkaupa.
3. Verktaki fær síma og bifreiðahlunnindi.
4. Greitt er orlof og í lífeyrissjóð af verkkaupa.
5. Greiddir eru reikningar mánaðarlega fyrir unna vinnu verktaka, upphæð sú sama milli mánaða.
6. Verktakapóknun tekur mið af launahækkunum á almennum vinnumarkaði.
7. Ábyrgð á skemmdum sem verktaki veldur er á hendi verkkaupa.
8. Verkstjórn er alfarið á hendi verkkaupa.
9. Vertaki getur ekki falið öðrum verktaka að sinna vinnu sinni fyrir verkkaupa.
10. Verktaka er bannað að vinna fyrir annan verkkaupa.

11. Unnið er á verkstöð verkkaupa án þess að endurgjald komi fyrir frá verktaka.

12. Hráefni og önnur efni sem notuð eru af verktaka við störf hans eru greidd af verkkaupa.

Tekið skal fram að ef fleiri en 3 atriði af ofangreindu eiga við eru miklar líkur á því að um gerviverktöku sé að ræða. Ofangreind atriði vege einnig misþungt við mat á því hvort um launþegasamband eða verktakasamband sé að ræða.

Bílstjórar sem t.d. keyra bara fyrir eitt fyrirtæki, keyra bíla þess, nota olíukort þaðan, hafa síma frá því og lúta verkstjórn fyrirtækisins eru ekkert annað en gerviverktakar.

Að vera án réttar

Oftar en ekki hættir þetta starfsfólk að greiða í stéttarfélag og á því ekki málsvara þegar illa fer. Félagsmáður AFLs sem leitaði til okkar í síðustu viku hefur ætíð gætt þess að greiða öll sín gjöld og hefur því allan stuðning félagsins nú. Aðrir sem vinna sem verktakar eiga hins vegar ekki veikindarétt, ekki uppsagnarfrest og fá ekki greitt orlof sérstaklega og bera sjálfir ábyrgð á skilum opinberra gjalda og lífeyrissjóðs.

Lendi þessi gjöld í vanskilum getur „launagreiðandinn“ átt það á hættu að skattayfirvöld innheimti opinber gjöld af honum á grundvelli þess að um gerviverktöku hafi verið að ræða. Fjöldmörg dómafordæmi eru um slíkt.

Fundarboð

Aðalfundur sjómannadeildar AFLs Starfsgreinafélags verður haldinn laugardaginn 29. desember 2018 kl. 14:00 í húsnæði félagsins að Búðareyri 1

1. Skýrsla stjórnar fyrir liðið starfsár
2. Kjaramál
3. Kosning stjórnar
4. Önnur mál

Ferðir verða samræmdar á næstu skrifstofu félagsins.

AFL Starfsgreinafélag
Sjómannadeild

Fjarvistaruppbót landvarða

Þeir landverðir sem starfað hafa hjá Vatnajökulsþjóðgarði, á vinnustöðum í óbyggðum, frá árinu 2011 og ekki verið í samband við sitt stéttarfélag, Landvarðafélagið eða Starfsgreinasambandið, vegna greiðslu fjarvistaruppbótar eru beðnir um að gera það sem fyrst.

Eftir að greiðsla fjarvistaruppbótar var viðurkennd með dómi héraðsdóms Austurlands og staðfest í Hæstarétti (<https://www.asa.is/images/stories/DomarPDF/Fjarvistaruppbot2017.pdf>)

gerðu félögin kröfu um greiðslu uppbótarinnar til allra sinna félagsmanna sem undir dóminn féllu.

Þrátt fyrir dóminn ætlar Vatnajökulsþjóðgarður ekki að greiða uppbótina nema til þeirra landvarða sem hjá þeim hafa starfað nema þeir kalli eftir því sjálfir.

Nokkrir landverðir hafa verið í sambandi og er unnið að því með lögmanni að leysa úr þeirra málum og nú sendum við út þetta ákall í þeirri von að ná til þeirra sem ekki hafa haft samband.

Endurnýjun orlofshúsa

AFL hefur samið við Tréiðjuna Eini um endurbætur á þremur sumarhúsum á Einarstöðum. Einir gerði upp tvö hús síðasta vor og endurnýjaði að mestu og þóttu framkvæmdirnar takast vel. Til stóð að bjóða síðan út næstu hús en Tréiðjan gerði félaginu tilboð í haust og taldi stjórn félagsins ólíklegt að betri tilboð fengjust. Til þess að unnt yrði að bjóða húsin út þyrfti auk þess að leggja í talsverðan kostnað við gerð útboðsgagna.

Mannvit verkfræðiskrifstofa hefur verið AFLi til ráðgjafar en fjölmargir komu að hönnun á endurbótum og þá aðallega félagsmenn. Nokkrar tillögur voru lagðar fyrir stjórn og ein síðan valin til að vinna áfram og voru framkvæmdirnar síðasta vor prófraun á þá hönnun. Áður hafði eitt hús verið gert upp í

kjölfar mikils vatnsskaða en þær endurbætur þóttu ekki takast vel að öllu leyti. Því voru húsin, sem unnið var í í vor, lengd um sirka einn metra og skipulagi innanhúss breytt.

Með breytingunum nú er stefnt að því að ljúka endurbætur húsa í svokölluðum neðri hring en næst verður farið í endurnýjun húsa í efri hring. Þar hentar vel að gera góðar brautir að 1–2 húsum sem auðvelt verður að aka hjólastól eftir. Búið er að hanna innanhússkipulag eins húss fyrir hjólastól, með sérstaklega innréttuðu baðherbergi og góðu aðgengi að rúmstæðum.

Einnig eru áform um að einhver nýju húsa verði áfram með þremur svefnherbergjum en hönnunin sem unnið er eftir nú gerir ráð fyrir tveimur svefnherbergjum og 5 rúmstæðum.



Unnið við endurbætur á Einarstöðum síðasta vor.

Rafbílavæðing

AFL hefur samið um uppsetningu á hleðslutöðvum fyrir rafmangsbíla í bílakjallara félagsins við Stakkholt í Reykjavík. Settar verða upp 24 stöðvar, ein fyrir hverja íbúð og verða þær læstar þannig að óviðkomandi komast ekki í þær. Aðgangsskírteini að íbúðunum verður notað til að virkja viðeigandi stöð hverju sinni. Notendur verða síðan rúkaðir fyrir rafmagnsnotkun.

Stöðvarnar eru innlendar, framleiddar af Örtækni - vinnustofu Öryrkjabandalagsins en hannaðar af Faradice sem er innlent fyrirtæki á þessu sviði. Stöðvunum fylgir öflugur hugbúnaður til að stjórna hleðslu og dreifa álagi á stöðvarnar eftir þörfum.

Þegar reynsla er fengin á þessar stöðvar verður skoðað hvort tilefni er til að koma upp sambærilegum búnaði á Akureyri við íbúðir félagsins í Ásatúni.

Búist er við að stöðvarnar verði komnar í notkun á nýju ári.



Hleðslutöð eins og í Stakkholtinu. Mynd frá Faradice.

#NOTONTHEMENU

FERÐ ÞÚ Á
JÓLAHLAÐBÖRD



SÝNDU

STARFS-
FÓLKINU

VIRÐINGU



Áreitni er...
ALDREI Í LAGI



Starfsgreinasamband
Íslands



Starfsfólk á veitingastöðum er ekki á matseðlinum!

